

Búnaður sem þarf að vera til staðar í heimaleikjum í blaki

- ☐ Keppnisvöllur
 - Vel merktur með löglegum 5cm línum.
- ☐ Afmarkað keppnissvæði.
 - 6,5 m frá endalínu og 4,5 m frá hliðarlínu
 - Notast skal við auglýsingaskilti, borða eða eitthvað sem ekki stafar hætta af.
- ☐ Löglegt keppnisnet og góðar antennur.
- ☐ Varanet og antennur til vara ef að búnaður skemmist í upphitun eða leik.
- ☐ Púðar utan um súlur og uppistöður.
- ☐ Viðurkenndur dómaraastóll sem er varinn/fóðraður.
 - Dómari þarf að geta staðið með augnhæð 50cm fyrir ofan netbrún.
- ☐ Keppnisboltar (5-6 stk) og amk.
- ☐ A.m.k. tvær fullar boltakörfur fyrir upphitun.
- ☐ Búningsaðstaða fyrir heimalið, gestalið og dómara.
- ☐ Keppnislýsing í sal.
- ☐ Unbroken pop-up skilti í Unbrokendeildum.
 - Þarf að sjást í útsendingu þannig gott að hafa við ritaraborð.
- ☐ Línuvarð aflögg 2-4 stk.
- ☐ Spjaldtölvur fyrir dómara og festingar á súlur, helst 3 stk til að hafa eina til vara.
- ☐ Varamannabekkir og 2 stólar fyrir þjálfara hjá hvoru liði.
 - Merkja skal upphitunarreit fyrir aftan varamannabekk.
- ☐ Ritaborð og stólar
- ☐ Fartölva með e-scoresheet forriti og Adobe PDF reader
 - Helst önnur til vara ef að sú fyrsta dettur út og þá er hægt að færa USB lykilinn yfir og halda áfram.

- ☐ USB lykill sem er alltaf í tölvu þegar e-scoresheet er í gangi.
- ☐ Sér nettenging fyrir blakleikjabúnað (ekki hægt að nota opið net í íþróttahúsum).
- ☐ Geniusbúnaður uppsettur (sími, nettæki og hulstur) í Unbrokendeildum.
 - Búið að gera test með starfsmanni og vera tengdur á Skype.
- ☐ Upptökubúnaður fyrir tölfraðigreiningu í Unbrokendeildum.
 - Myndavél eða sími með góða upplausn skal vera í góðu hulstri og stillt upp vel -> [Dæmi um uppsetningu á Tölfraðimyndavél.pdf](#)
- ☐ Leikklukka tengd við stóran skjá.
- ☐ Stigaflettsipjald sem er notað ef leikklukka dettur út.
- ☐ Moppur og handklæði þar sem starfsmenn og leikmenn geta auðveldlega gripið í og þurrkað svita af gólfinu.
- ☐ Sendiraðablöð og pennar -> <https://bli.is/umgjord-og-hlutverk-2/>
- ☐ Útprentuð leikskýrsla ef að tölvukerfi hrinur -> <https://bli.is/umgjord-og-hlutverk-2/>
- ☐ Aðstaða fyrir tónlistarstjóra og kynni.
 - Míkrafónn og hátalarakerfi sem virkar.
- ☐ Aðstaða fyrir sölu aðgöngumiða og veitinga.

Samtals þarf 9-10 starfsmenn í kringum hvern leik (ritari, leikklukka, tónlist, kynnir, 2 línuverðir, 2-3 boltasækjar, miðasala og umsjón með útsendingu).

Hvað þarf að gera áður en leikur hefst?

Í vikunni fyrir leik:

- ☐ Setja inn fréttir um leik og búa til viðburði á samfélagsmiðlum.
 - Muna að nota Unbroken nafn og lógó í öllum auglýsingum.
 - Hér má finna öll lógó: [BLÍ lógó](#)
- ☐ Miðasala komin í gang í gegnum Stubb eða sambærilegt.
- ☐ Athuga að allir leikmenn liðsins séu löglegir -> [Löglegir leikmenn í úrvalsdeild og 1. deild 2025-2026](#)

4-24 klst. fyrir leik:

- ☐ Ræsa e-scoresheet og velja *New Match* og keyrir *Check an official match*. Ef einhver villa kemur upp þá skal hafa samband við mótastjóra samstundis.
- ☐ Samþykkja leikmannalista/roster liðsins fyrir leikinn.

1 klst fyrir leik:

- ☐ Starfsmenn leiks mæta og setja upp keppnisvöll samkvæmt reglugerð. Völlur skal vera tilbúinn eigi síðar en 45 mínútum fyrir upphaf leiks.
- ☐ Keppnissvæði afmarkað og boltar tilbúnir fyrir upphitun liða.
- ☐ Kveikt á Genius útsendingarbúnaði og haft samband í gegnum Slack ef að það koma upp villur.
- ☐ Myndavél fyrir tölfræðigreiningu sett upp á sinn stað (þarf ekki að kveikja fyrr en leikmannakynningar hefjast).

40 mín fyrir leik:

- ☐ Dómarar mæta og taka út völl og aðstæður.
 - Mæla net, antennur, bolta o.fl.
- ☐ Ritari hefur störf
 - Passar að nettenging sé góð og USB lykill tengdur.
 - Sækir réttan leik í official match.

- Skráir inn réttar upplýsingar um leik
- Passar að leikurinn sé með rétt regulation
 - Unbrokendeild – ELITE LEAGUE
 - 1. Deild – Other divisions best of 5 sets
 - Neðri deildir – Other divisions best of 3 sets
- Fær nafnalista og fer yfir hjá félögum ef roster var ekki samþykktur fyrir lei
- Skráir inn starfsmenn leiksins
- Setur upp spjaldtölvur fyrir dómara
- Fær fyrirliða/þjálfara hvors liðs til að samþykkja leikmannalista
- Að lokum setja inn sendiraðir þegar þær berast
- Passar að leikur sé skráður LIVE
- ☐ Tónlistarstjóri mætir og byrjar upphitunartónlist.
- ☐ Starfsmaður á leikklukku hefur störf.
 - Tengir takkaborð og prófar hvort allt virkar
 - Passar að það séu moppur og handklæði til staðar.

25 mín fyrir leik

- ☐ Línuverðir hitta og ræða við dómara og fara yfir hlutverk og samskipti í leiknum.

16 mín fyrir leik:

- ☐ Boltafólk mætir
 - Hjálpar í upphitun og hreinsar alla bolta af velli áður en leikur hefst
- ☐ Kynnir mætir
 - Athugar allar tengingar og kynnir sér leikmannalista beggja liða.
 - Kynnir sér um að kynna fyrir áhorfendum (sjá betur hér fyrir neðan):
 - liðin sem mætast og deildina sem spilað er í
 - dómara leiksins
 - leikmenn í byrjunarliði
 - kynna hvaða leikmenn fara inn og út þegar gerðar eru skiptingar
 - hvaða lið og í hvaða stöðu leikhlé er tekið og hver staðan er
 - sigurvegari í lok hveðrar hrinu og staðan í hrinunni

☐ Dómarar flauta leikmenn af velli og **formleg upphitun hefst:**

- 16 mín fyrir leik: Dómari flautar leikmenn af velli og mælir nethæð
- 15 mín fyrir leik: Dómari kallar fyrirliða til sín til að varpa hlutkesti, fyrirliðar samþykkja leikmenn á skýrslu.
- 14 mín fyrir leik: Formleg upphitun hefst í 10 mín (ekki flautað á milli atriða).
- 13 mín fyrir leik: Þjálfarar skila inn sendiröðum til dómara (MIKILVÆGT).
- 4 mín fyrir leik: Formlegri upphitun lokið.
- 3 mín fyrir leik: KYNNING leiksins – ALLIR leikmenn liðsins á ENDALÍNU, deildin og liðin kynnt til leiks og þau koma að neti og takast í hendur (ekki kynning á fyrirliðum og þjálfurum)
- 2 mín fyrir leik: Liðin fara að bekknum, dómarar kynntir til leiks og svo eru byrjunarliðin kynnt inn á völinn í númeraröð og þjálfari hvors liðs.

Eftir leik:

- ☐ Fyrirliðar gera athugasemdir í leikskýrslu AÐEINS ef að þeir tilkynntu dómara það á meðan að leik stóð beint eftir að atvik átti sér stað (Protest í leikskýrslu)
- ☐ Ritari klárar skýrslu
- ☐ Fyrirliðar beggja liða skrifa undir skýrslu
- ☐ Dómari skrifar undir skýrslu
- ☐ Senda inn skýrslu - dómari bíður við tölvu þar til að það er komin staðfesting á því að leiknum hafi verið hlaðið upp.
- ☐ Félög skrifa umfjöllun og setja á sína heimasíðu og senda inn til fjölmiðla ásamt mynd í skýrri upplausn.
 - Ef að óformleg stigatalning fór fram má senda það með til fjölmiðla en formleg tölfræðigreining getur tekið allt að 36 tíma.
- ☐ Slökkva á Genius útsendingu (en aldrei áður en verðlaunafhending fer fram)
- ☐ Hlaða inn upptöku af leik á DataVolley til tölfræðigreiningar sama kvöld og leikur fer fram.
 - Ef að upptaka er ekki komin inn á DataVolley innan 12 tíma frá því að leikur hófst þá geta lið fengið sekt.